
F U N D A R G E R ð

Fundur:	Raforkuhópur 2013-07
Fundartími:	Fimmtudagur 14. nóvember 2013 kl. 10:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Fundargerð síðasta fundar. 2) Raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins. 3) Verkefni ársins 2014 og fyrirkomulag vinnu næsta árs. 4) Næsta endurskoðun raforkuspár. 5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Erla Björk Þorgeirsdóttir Sverrir Jan Norðfjörð Ásgeir Sigtryggsson Sigurður Ágústsson Rúnar Svavar Svavarsson
EFLA:	Jón Vilhjálmsón Ingvar Baldursson
Orkustofnun:	Sigurður Elías Hjaltason
Fjarverandi:	Pétur E. Þórðarson Baldur Dýrfjörð

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
- 2) Farið var yfir raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins. Raforkuvinnslan hefur aukist um 3,4% á fyrstu níu mánuðum ársins en flutningstöp hafa aukist um 12,3%. Stórnotkun hefur aukist um 3,1% en almenn notkun hefur aukist um 3,4%. Skerðanleg orka hefur aukist um 8,3% á þessu tímabili en forgangsorkan hefur aukist um 2,7 %. Þriðji ársfjórðungur er nú verulega kaldari en árið 2012 eða sem nemur 1,4°C. Er þetta ein ástæða verulegrar aukningar notkunar á þriðja ársfjórðungi. Aukning forgangsortku eftir leiðréttingu er 1,2% en hluti aukningarinnar er vegna þess að tölur um vinnslu Hellisheiðarvirkjunar voru ekki réttar árið 2012.

Einnig var farið yfir notkun eftir dreifiveitusvæðum og þá dettur út notkun við virkjanir. Á fyrsta ársfjórðungi var minnkun eða notkun stóð í stað á öllum dreifiveitusvæðum. Á 2. ársfjórðungi var aftur á móti aukning á öllum nema einu dreifiveitusvæði og það sama var á uppi á 3. ársfjórðungi. Hitafar og loðnuvertíð eru líklegustu skýringarnar á þessu

sbr. það sem fram kom hér að framan. Þó bendir aukning á suðvesturhorni landsins til þess að hagkerfið sé eitthvað farið að taka við sér.

- 3) JV fór yfir áætlun um vinnu fyrir næsta ár og var nokkuð rætt um hana sérstaklega hvernig staðið er að endurskoðun á spánni frá grunni. Orkustofnun og Landsnet, sem kosta starfið, munu skoða áætlunina og niðurstaða á að liggja fyrir á næsta fundi.
- 4) JV sagði að miðað við þá reglu að endurskoða raforkuspá á fimm ára fresti væri komið að slíku árið 2015. Í fyrrnefndri áætlun er miðað við að setja 200 tíma í vinnu við endurskoðun á spánni.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:30. Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 12. desember 2013.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

- Vinna fyrir raforkuhóp orkuspárnefndar 2014. Verkefnishandbók.

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Hitastigsleiðrétt raforkunotkun.
- Upplýsingar um raforkunotkun.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni